



Íshröngl ehf
Glósalir 7, íbúð 704
201 Kópavogur

Vasi: +354 8961892
Skrifborð: +354 5622524
Myndsími (fax): +354 5621592
Tölvufang: ingvar@ingvar.is
Vefurinn: www.ingvar.is
Skype: LeanFish
Kt: 530202 2160

Græna teppið

Kópavogur, maí 2009

Efni: Það er sóðaskapur að sópa sorpi undir græna teppið; flökkun, urðun og jarðgerð eru skaðlegar fyrir umhverfið. Sorp er ódýrt og gott eldsneyti fyrir sorporkuver og förgun á sorpi með brennslu er umhverfisvæn.

Innrás urðunarsinna seint á liðinni öld er sambærileg við margumtalaða útrás, sem olli yfirstandandi kreppu. **Báðar snúast um hagsmuni.** Innrásin snýst um hagsmuni þeirra, sem sópa sorpi undir græna teppið á kostnað okkar hinna.

Sorporkuver vinna eftir reglugerðum ESB og eru umhverfisvæn. Þegar hagkvæmni-reikningar fyrir þau eru **grundvallaðir á gjaldskrám Sorpu og hitaveitna** sést að þau eru arðbær. Því er hægt að **lækka sorphirðugjöld** þar sem úrgangi er fargað með brennslu, en auk þess að vera skaðlegar fyrir umhverfið **hækka flökkun, urðun og jarðgerð þessi gjöld.** Verin framleiða **4 kWh af hitaorku fyrir hvert kg af sorpi** sem þau farga.

Meðalhitastig í jörð á Íslandi eru rétt yfir frostmarki; álíka há og í ísskápnum frammi í eldhúsi. Lifseigustu pestir—svo sem **svínaflensa** (swine flu, H1N1 virus), **miltisbrandur** (anthrax), **stífkrampi** (tetanus) og **riða** (scrapie, Creutzfeldt-Jakob disease)—**geymast vel** við þessi skilyrði, en **það sama gildir auðvitað um jarðgerð.**

Útbreiddur misskilningur meðal embættismanna hér á landi er að **flökkun** ýmissa efna frá sorpi—pappír, plast, timbur—til að nota sem hráefni í framleiðsluina sé hagkvæm. **Þetta er rangt!** Hún er óhagkvæm, því athafnasvæðin eru lítil. Þar við bætist að **iðnrekendur forðast flökkuð efni**, því þau þarf að endurvinna með ærnum tilkostnaði og endurunnin efni **notast illa við hverskonar framleiðslu.**

Flökkuð efni eru því **einskis virði** og það kostar sífellt meira að koma þeim frá sér. Þannig myndast **flökkuð fjöll**, eins og í Þýskalandi forðum, en **gamlar urðir** eru farnar að valda alvarlegri jarðvegsmengun. Stefnir í að brátt þurfi að **farga flökkuðum sorpfjöllum og gömlum urðum** (Álfsnes) **með brennslu** eins og þjóðverjar neyddust til að gera. Þetta getur orðið **verðugt verkefni fyrir vaskan verktaka** þegar þar að kemur.